Fullgild rafræn undirskrift
HREFNA RÓBERTSDÓTTIR
Kennitala: 060961-4339
2020-08-27 14:14:35 GMT
Ástæða: Undirskrift

# Þjóðskjalasafn Íslands

## 02 903

# Ársreikningur 2019

## Efnisyfirlit

| | Bls. |
|---|---|
| Skýrsla og áritun forstöðumanns ............................................................ | 2 |
| Yfirlit um afkomu ársins .......................................................................... | 3 |
| Efnahagsreikningur ................................................................................. | 4 |
| Sjóðstreymisyfirlit .................................................................................... | 5 |
| Starfsþáttayfirlit ....................................................................................... | 6 |
| Skýringar .................................................................................................. | 7 |

**Þjóðskjalasafn Íslands**

**kt. 710269-1149**

**Laugavegi 162, 105 Reykjavík**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Þjóðskjalasafn Íslands er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli laga nr. 77/2014. Samkvæmt þeim fer safnið með framkvæmd opinberrar skjalavörslu og skjalastjórnar fyrir hönd ráðherra og gegnir jafnframt hlutverki opinbers skjalasafns.

Þjóðskjalasafn setur með samþykki ráðherra reglur um skjalavörslu og skjalastjórn ríkis og sveitarfélaga auk reglna um frágang skjalasafna, varðveislu og förgun gagna. Þjóðskjalasafn leiðbeinir um og hefur eftirlit með skjalavörslu og skjalastjórn afhendingarskyldra aðila ríkisins og sveitarfélaga, sem eru ekki aðilar að héraðsskjalasafni. Þá hefur safnið eftirlit starfsemi héraðsskjalasafna. Þjóðskjalasafn fer þannig með yfirstjórn skjalamála í landinu.

Eitt meginhlutverk Þjóðskjalasafns er að taka til varðveislu skjöl frá afhendingarskyldum aðilum, bæði á rafrænu formi og á pappír. Safnið tekur jafnframt til varðveislu skjöl einkaaðila. Safnið veitir aðgang að safnkosti sínum, rannsakar og veitir fræðslu um hann. Safnið birtir í stafrænum búningi mikilvægar heimildir þjóðarsögunnar á vefjum sínum.

Afhendingarskyldir aðilar til Þjóðskjalasafns eru um 600 talsins. Safnkostur Þjóðskjalasafns taldi í árslok 2017 um 44,5 hillukílómetra af skjölum. Það er stærsta safn frumheimila um íslenska sögu.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 18 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2019 var ársveltan kr. 517,2 milljónir og afkoma kr. 45,3 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 42,8 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 107,1 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2019 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Þjóðskjalasafns Íslands í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Þjóðskjalasafns Íslands fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

____________________________________

Staður, dags.

____________________________________

Þjóðskjalavörður

# Yfirlit um afkomu ársins 2019

| | Skýr | 2019 | 2018 |
|---|---|---|---|
| **Tekjur** | | | |
| Tekjufærsla fjárveitinga | 2 | 361.400.000 | 336.900.000 |
| Seld þjónusta | 3 | 50.565.485 | 43.889.057 |
| Vörusala | 4 | 9.261.575 | 8.584.459 |
| Framlög og ýmsar tekjur | 5 | 85.487.503 | 46.096.500 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára | 2 | 10.493.024 | 8.367.221 |
| **Tekjur samtals** | | 517.207.587 | 443.837.237 |
| **Gjöld** | | | |
| Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður | 6 | 312.269.544 | 300.966.049 |
| Framlög og tilfærslur | 7 | 33.904.000 | 0 |
| Annar rekstrarkostnaður | 8 | 115.272.347 | 137.992.297 |
| Afskriftir | 9 | 10.493.024 | 8.367.221 |
| **Gjöld samtals** | | 471.938.915 | 447.325.567 |
| **Afkoma fyrir fjármagnsliði** | | 45.268.672 | (3.488.330) |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | |
| Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap | | (11.877) | (354.986) |
| | | (11.877) | (354.986) |
| **Afkoma ársins** | | 45.256.795 | (3.843.316) |
| **Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum** | 2 | | |
| Rekstur | | 72.960.795 | (9.943.316) |
| Rekstrartilfærslur | | (27.704.000) | 6.100.000 |
| | | 45.256.795 | (3.843.316) |

*Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.*

# Efnahagsreikningur 31. desember 2019

| | Skýr | 31.12.2019 | 31.12.2018 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | 10 | | |
| Áhöld, tæki og búnaður | | 61.164.478 | 32.986.949 |
| Farartæki og vélar | | 614.177 | 823.091 |
| Aðrar eignir | | 24.580 | 29.580 |
| | | 61.803.235 | 33.839.620 |
| **Fastafjármunir samtals** | | 61.803.235 | 33.839.620 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Birgðir | | 5.997.006 | 5.409.857 |
| Viðskiptakröfur | | 270.130 | 1.835.275 |
| Tengdir aðilar | 11 | 24.810.987 | 32.563.588 |
| Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður | | 647.686 | 0 |
| Handbært fé | 12 | 13.580.281 | 13.720.819 |
| **Veltufjármunir samtals** | | 45.306.090 | 53.529.539 |
| **Eignir samtals** | | 107.109.325 | 87.369.159 |

## Eigið fé og skuldir

| | Skýr | 31.12.2019 | 31.12.2018 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | 13 | | |
| Hrein eign | | 42.787.554 | (2.469.241) |
| **Eigið fé samtals** | | 42.787.554 | (2.469.241) |
| **Skuldir** | | | |
| Tengdir aðilar | 11 | 3.917.790 | 21.145.218 |
| Viðskiptaskuldir | | 4.322.955 | 11.777.038 |
| Ýmsar skammtímaskuldir | 14 | 32.388.091 | 31.230.185 |
| Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda | 15 | 23.692.935 | 25.685.959 |
| **Skuldir samtals** | | 64.321.771 | 89.838.400 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 107.109.325 | 87.369.159 |

**Aðrar upplýsingar** 16

*Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.*

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2019

| | Skýr | 2019 | 2018 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri: | | | |
| Afkoma ársins | | 45.256.795 | (3.843.316) |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | 9 | 10.493.024 | 8.367.221 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára | | (10.493.024) | (8.367.221) |
| | | 45.256.795 | (3.843.316) |
| Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna: | | | |
| Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur | | 917.459 | (1.269.819) |
| Birgðir | | (587.149) | 200.598 |
| Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda: | | | |
| Skammtímaskuldir | | (6.296.177) | 1.576.248 |
| | | (5.965.867) | 507.027 |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 39.290.928 | (3.336.289) |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna | 10 | (38.456.639) | (16.353.661) |
| | | (38.456.639) | (16.353.661) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Tengdir aðilar | | (9.474.827) | 12.318.557 |
| Ný langtímalán | | 0 | |
| Fjárfestingarframlag | | 8.500.000 | 8.200.000 |
| | | (974.827) | 20.518.557 |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | | (140.538) | 828.607 |
| Handbært fé í byrjun árs | | 13.720.819 | 12.892.212 |
| **Handbært fé í árslok** | | 13.580.281 | 13.720.819 |

*Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.*

## Starfsþáttayfirlit um afkomu ársins 2019, fjárveitingar, breytingar þeirra og stöðu

| | Þjóðskjalasafn Íslands | Héraðsskjalasöfn | Samtals |
|---|---|---|---|
| | 02 903 101 | 02 903 111 | 2019 |
| | Málefnasvið - málaflokkur | | |
| | 18 10 | 18 10 | |
| **Tekjur** | | | |
| Tekjufærsla fjárveitinga | 361.400.000 | 0 | 361.400.000 |
| Seld þjónusta | 50.565.485 | 0 | 50.565.485 |
| Vörusala | 9.261.575 | 0 | 9.261.575 |
| Framlög og ýmsar tekjur | 85.487.503 | 0 | 85.487.503 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára | 10.493.024 | 0 | 10.493.024 |
| **Tekjur samtals** | 517.207.587 | 0 | 517.207.587 |
| **Gjöld** | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 312.269.544 | 0 | 312.269.544 |
| Rekstrartilfærslur | 27.730.250 | 6.173.750 | 33.904.000 |
| Annar rekstrarkostnaður | 115.272.347 | 0 | 115.272.347 |
| Afskriftir | 10.493.024 | 0 | 10.493.024 |
| **Gjöld samtals** | 465.765.165 | 6.173.750 | 471.938.915 |
| **Afkoma fyrir fjármagnsliði** | 51.442.422 | (6.173.750) | 45.268.672 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | |
| Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap | (11.877) | 0 | (11.877) |
| | (11.877) | 0 | (11.877) |
| **Afkoma ársins** | **51.430.545** | **(6.173.750)** | **45.256.795** |
| **Afkoma ársins skipt eftir fjárheimildaliðum** | | | |
| Rekstur | 72.960.795 | 0 | 72.960.795 |
| Rekstrartilfærslur | (21.530.250) | (6.173.750) | (27.704.000) |
| | 51.430.545 | (6.173.750) | 45.256.795 |
| **Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok aðrar en vegna fjárfestinga:** | | | |
| Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum | 361.400.000 | 0 | 361.400.000 |
| Fjárveiting til tekna | 361.400.000 | 0 | 361.400.000 |
| Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi | (309.969.455) | (6.173.750) | (316.143.205) |
| **Staða fjárveitinga ársins í lok árs** | **51.430.545** | **(6.173.750)** | **45.256.795** |
| Staða fjárveitinga 2018 í lok þess árs | 27.357.651 | (29.878.125) | (2.520.474) |
| **Staða fjárveitinga skipt eftir fjárheimildaliðum** | | | |
| Rekstur | 100.318.446 | 0 | 100.318.446 |
| Rekstrartilfærslur | (21.530.250) | (36.051.875) | (57.582.125) |
| | **78.788.196** | **(36.051.875)** | **42.736.321** |
| **Fjárfestingar** | | | |
| Fjárveiting ársins skv. Fjárlögum og Fjáraukalögum | 8.500.000 | 0 | 8.500.000 |
| Fjárfesting á árinu | (38.456.639) | 0 | (38.456.639) |
| **Staða fjárfestingafjárveitingar** | **(29.956.639)** | **0** | **(29.956.639)** |
| Staða fjárfestinga 2018 í lok þess árs | (8.153.661) | 0 | (8.153.661) |
| **Staða fjárfestingarheimilda í árslok 2019** | **(38.110.300)** | **0** | **(38.110.300)** |

*Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti starfsþáttayfirlits*

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

**Grundvöllur reikningsskila**

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

**Innlausn tekna**

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttekins endurgjalds.
Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.
Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

**Gjöld**

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

**Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir**

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

| | |
|---|---|
| Áhöld, tæki og búnaður ........................................ | 3-10 ár |
| Farartæki og vélar ........................................ | 8-15 ár |
| Aðrar eignir ........................................ | óafskrifað/10 ár |

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

# Skýringar

**Viðskiptakröfur**

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

**Handbært fé**

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

**Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir**

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

**Skuldbindingar**

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- skuldbinding vegna eiginfjárframlaga: umsamin fjárhæð eiginfjáráskriftar sem ekki hefur verið viðurkennd til greiðslu eða er innkallanleg fyrir dagsetningu reikningsskila
- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

**Tengdir aðilar**

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

**Starfsþáttayfirlit**

Þegar starfsemi stofnunar nær yfir fleiri en eitt fjárlagaviðfang, málefnasvið eða málaflokk er aðgreining fjárlagaviðfang, málefnasviða og málaflokka birt í starfsþáttayfirliti. Það nær til yfirlits um afkomu og greininga fjárveitinga ársins, breytinga þeirra á árinu og stöðu í árslok.

## Skýringar

**2 Tekjufærsla fjárveitinga**

| | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| Fjárveiting ársins | 361.400.000 | 337.700.000 |
| Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga | 0 | (800.000) |
| Tekjufærsla fjárveitinga | 361.400.000 | 336.900.000 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna | 10.493.024 | 8.367.221 |
| | 371.893.024 | 345.267.221 |

**Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:**

| | Rekstur | Rekstrar-tilfærslur | Fjármagns-tilfærslur | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum | 355.200.000 | 6.200.000 | 0 | 361.400.000 |
| **Fjárveiting til tekna** | **355.200.000** | **6.200.000** | **0** | **361.400.000** |
| Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi að frádregnum sértekjum | (282.239.205) | (33.904.000) | 0 | (316.143.205) |
| **Staða fjárveitinga ársins í lok árs** | **72.960.795** | **(27.704.000)** | **0** | **45.256.795** |

**3 Seld þjónusta**

| | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| Sérfræðiþjónusta | 47.268.273 | 41.325.817 |
| Verksala | 686.903 | 981.820 |
| Ýmsar þjónustutekjur | 1.973.980 | 215.850 |
| | 50.565.485 | 43.889.057 |

**4 Vörusala**

| | | |
|---|---|---|
| Vörusala I | 1.007.000 | 0 |
| Vörusala II | 8.254.575 | 8.584.459 |
| | 9.261.575 | 8.584.459 |

**5 Framlög og ýmsar tekjur**

| | | |
|---|---|---|
| Leigutekjur | 1.637.200 | 1.745.100 |
| Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta | 79.000.000 | 0 |
| Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir | 4.850.303 | 44.351.400 |
| | 85.487.503 | 46.096.500 |

**6 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður**

| | | |
|---|---|---|
| Laun | 252.272.548 | 241.560.214 |
| Orlof, breyting | 122.496 | 1.382.751 |
| Önnur launagjöld, ótalin annars staðar | 0 | 0 |
| Launatengd gjöld | 57.396.914 | 55.688.269 |
| Starfsmannakostnaður | 2.477.586 | 2.334.815 |
| Samtals launakostnaður | 312.269.544 | 300.966.049 |
| Eignfærður launakostnaður | 0 | 0 |
| | 312.269.544 | 300.966.049 |
| Meðalfjöldi stöðugilda | 32,8 | 33,0 |

**7 Framlög og tilfærslur**

| | | |
|---|---|---|
| Rekstrartilfærslur til ríkisaðila í A-hluta | 500.000 | 0 |
| Rekstrartilfærslur aðrir | 33.404.000 | 0 |
| | 33.904.000 | 0 |

## Skýringar

| | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| **8 Annar rekstrarkostnaður** | | |
| Bækur, ritföng, filmur o.fl. | 5.007.995 | 4.897.039 |
| Byggingarvörur, almennar | 125.247 | 99.470 |
| Byggingarvörur, aðrar | 75.121 | 12.816 |
| Tæki og búnaður til innréttinga | 31.951 | 91.667 |
| Ýmis tæki og áhöld | 191.640 | 624.910 |
| Varahlutir og viðhaldsvörur | 83.214 | 61.447 |
| Orkugjafar | 6.301.726 | 5.246.157 |
| Matvæli | 4.985.327 | 4.989.585 |
| Almennar rekstrarvörur | 1.310.084 | 1.486.529 |
| Vörukaup, almenn | 18.112.305 | 17.509.620 |
| Rannsóknarstofuefni | 71.484 | 0 |
| Kennslu- og föndurvörur | 44.814 | 39.320 |
| Ýmsar sérgreindar vörur | 0 | 1.583.668 |
| Vörukaup, sérgreind | 116.298 | 1.622.988 |
| Fundir, námskeið, risna | 2.564.291 | 2.415.837 |
| Ferðir, uppihald | 4.473.886 | 3.808.809 |
| Akstur | 699.076 | 569.928 |
| Sérfræðiþjónusta | 18.355.100 | 20.742.808 |
| Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld | 81.202 | 101.132 |
| Auglýsingar og kynningarstarfsemi | 532.201 | 1.058.583 |
| Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta | 6.923.723 | 5.777.684 |
| Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta | 33.629.479 | 34.474.781 |
| Samningsbundin kaup og leiga | 2.352.110 | 2.283.636 |
| Afnotagjöld | 20.777.483 | 19.100.037 |
| Leigugjöld | 8.016.116 | 3.910.306 |
| Notkun véla og flutningatækja | 934.957 | 1.461.200 |
| Verkkaup | 17.372.453 | 14.296.290 |
| Kostnaðarhlutdeild | 1.220.544 | 1.223.173 |
| Áhættutap og bætur | 59.990 | 0 |
| Tryggingar, lögboðnar | 1.438.562 | 1.344.727 |
| Opinber gjöld | 6.231.909 | 6.408.044 |
| Tilfærslur | 0 | 30.600.000 |
| Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl. | 58.404.124 | 80.627.413 |
| Annar rekstrarkostnaður samtals | 115.272.347 | 137.992.297 |

| | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| **9 Afskriftir** | | |
| Áhöld, tæki og búnaður | 10.279.110 | 8.153.307 |
| Farartæki og vélar | 208.914 | 208.914 |
| Aðrar eignir | 5.000 | 5.000 |
| | 10.493.024 | 8.367.221 |

| | 31.12.2019 | 31.12.2018 |
|---|---|---|
| **10 Varanlegir rekstrarfjármunir** | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig: | | |
| Áhöld, tæki og búnaður | 61.164.478 | 32.986.949 |
| Farartæki og vélar | 614.177 | 823.091 |
| Aðrar eignir | 24.580 | 29.580 |
| | 61.803.235 | 33.839.620 |

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2019:

| | **Áhöld, tæki og búnaður** | **Farartæki og vélar** | **Aðrar eignir** | **Samtals** |
|---|---|---|---|---|
| Staða 1.1.2019 | 87.182.447 | 2.233.670 | 50.000 | 89.466.117 |
| Viðbætur á árinu | 38.456.639 | 0 | 0 | 38.456.639 |
| | 125.639.086 | 2.233.670 | 50.000 | 127.922.756 |
| Afskriftir 1.1.2019 | 54.195.498 | 1.410.579 | 20.420 | 55.626.497 |
| Afskrift ársins | 10.279.110 | 208.914 | 5.000 | 10.493.024 |
| | 64.474.608 | 1.619.493 | 25.420 | 66.119.521 |
| Staða 31.12.2019 | 61.164.478 | 614.177 | 24.580 | 61.803.235 |

## Skýringar

| 11 Tengdir aðilar | 31.12.2019 | 31.12.2018 |
|---|---|---|

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

| | | |
|---|---|---|
| *Kröfur á tengda aðila:* | | |
| Viðskiptareikningur við ríkissjóð | 23.319.133 | 0 |
| Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs | 1.491.854 | 4.675.600 |
| Áætluð leiðrétting vegna fjárveitinga | | 27.887.988 |
| | 24.810.987 | 32.563.588 |
| *Skuldir við tengda aðila:* | | |
| Viðskiptareikningur við ríkissjóð | 0 | 18.145.079 |
| Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs | 3.917.790 | 3.000.139 |
| | 3.917.790 | 21.145.218 |

**12 Handbært fé**

| | | |
|---|---|---|
| Sjóðir | 36.139 | 38.439 |
| Tékkareikningar | 13.544.142 | 13.682.380 |
| | 13.580.281 | 13.720.819 |

**13 Eigið fé**

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

| | 31.12.2019 | 31.12.2018 |
|---|---|---|
| **Hrein eign** | | |
| Jöfnuður 1.1. | (2.469.241) | 1.374.075 |
| Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins | 0 | 0 |
| Afkoma ársins | 45.256.795 | (3.843.316) |
| Jöfnuður 31.12. | 42.787.554 | (2.469.241) |

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytis. Ákvörðun ráðuneytisins er byggð á reglum sem ráðuneytið setur út frá 30.gr. laga um opinber fjármál og samráði við viðkomandi fagráðuneyti og verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi 2019 og B-deild Stjórnartíðinda.

| 14 Ýmsar skammtímaskuldir | 31.12.2019 | 31.12.2018 |
|---|---|---|
| Ógreitt orlof | 31.352.681 | 31.230.185 |
| Ógreidd laun | 464.380 | 0 |
| Önnur ógreidd gjöld | 571.030 | 0 |
| | 32.388.091 | 31.230.185 |

**15 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga**

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

| | 31.12.2019 | 31.12.2018 |
|---|---|---|
| Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga | 61.803.235 | 33.839.620 |
| Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga) …. | (38.110.300) | (8.153.661) |
| | 23.692.935 | 25.685.959 |

| | Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga | Fjárfestinga-fjárveiting | Samtals frestaðar tekjur |
|---|---|---|---|
| Staða 1.1.2019 | 33.839.620 | (8.153.661) | 25.685.959 |
| Fjárfestingarfjárveiting ársins | 0 | 8.500.000 | 8.500.000 |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | 38.456.639 | (38.456.639) | 0 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna | (10.493.024) | 0 | (10.493.024) |
| | 61.803.235 | (38.110.300) | 23.692.935 |

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2019 munu kr. 10,3 milljónir koma til tekna á árinu 2020.

## Skýringar

**16 Aðrar upplýsingar**

*Skuldbindandi samningar*
Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði og rekstrar- og þjónustusamninga til næstu ára. Árlegar greiðslu vegna húsaleigu nema kr. 8,2 milljónum og vegna rekstrar- og þjónustusamninga kr. 28,8 milljónum.

*Veðsetningar*
Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2019.

*Veittar ábyrgðir*
Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

*Óefnislegar eignir*
Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

*Óafturkallanleg loforð*
Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

*Atburðir eftir reikningsskiladag*
Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.